

# D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 4. maí 2017 í máli

nr. S-192/2016:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

Ísmari Erni Steinþórssyni

(Gísli M. Auðbergsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars 2017, er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, á hendur Ísmari Erni Steinþórssyni, með lögheimili að ..., Akureyri, en aðsetur að ... í Eyjafirði:

1. Ákæra, útgefin 22. september 2016, sbr. mál nr. S-192/2016.

Með þessari ákæru er mál höfðað á hendur ákærða, Ísmari Erni, „fyrir eftirtalin refsilagabrot framin árin 2015 og 2016:

## I. Mál nr. 316-2016-1101

Fyrir þjófnað, með því að hafa miðvikudagskvöldið 24. febrúar 2016 stolið Samsung Galaxy síma, símaveski og debet, kreditkortum og ökuskírteini úr bifreið sem stóð fyrir utan veitingahúsið Greifann við Glerárgötu á Akureyri, en til vara fyrir hilmingu með því að hafa tekið við ofangreindum síma og verið með í sínum vörslum og notkun, þótt hann vissi eða átti að vita að væri stolinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

## II. Mál nr. 316-2016-1457

Fyrir hilmingu, með því að hafa mánudaginn 14. mars 2016, verið með í vörslum sínum Bosch PMF-190E multisög, sem hann vissi eða átti að vita að væri þýfi, en sög þessari hafði verið stolið úr bifreiðinni [...], þar sem hún stóð fyrir utan verkstæði Ljósgrjafans við Glerárgötu á Akureyri 4. eða 5. sama mánaðar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

## III. Mál nr. 316-2016-1586

Fyrir þjófnað, með því að hafa sunnudaginn 13. mars eða mánudaginn 14. mars stolið tvennum skópörum og einum stökum skó úr sameign fjölbýlishússins að [...] á Akureyri, en skórnir voru geymdir fyrir utan geymslu íbúðar B í húsinu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

## IV. Mál nr. 316-2016-1587

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tíma brotist inn í geymslu íbúðar D í sama fjölbýlishúsi og stolið þaðan ferðatösku, veiðihjóli af sjóstöng og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### V. Mál nr. 316-2016-1588

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tíma og í sama fjölbýlishúsi brotist inn í geymslu merkta íbúð H og stolið þaðan tveimur snjóbrettum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### VI. Mál nr. 316-2016-1590

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tíma og í sama fjölbýlishúsi brotist inn í geymslu merkta íbúð J og stolið þaðan 4 negldum vetrardekkjum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### VII. Mál nr. 316-2016-1592

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tíma, en í fjölbýlishúsinu að [...] á Akureyri brotist inn í geymslu merkta íbúð C og stolið þaðan Canon prentara og poka með DVD myndum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### VIII. Mál nr. 316-2016-1592

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tíma og sama fjölbýlishúsi brotist inn í geymslu merkta íbúð D og stolið þaðan skíðum, skíðaklossum, skartgripaskríni, peysu og bókum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### IX. Mál nr. 316-2016-1757

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tímabili í fjölbýlishúsinu [...] á Akureyri brotist inn í geymslu merkta íbúð I og stolið þaðan úlpu (vesti) af gerðinni Cintamani og úlpu af gerðinni 66° norður Þórsmörk.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### X. Mál nr. 316-2016-1826

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tímabili brotist inn í geymslu í kjallara stigagangs fjölbýlishússins að [...] á Akureyri, sem tilheyrir íbúð C í [...] og stolið þaðan tveimur stórum hátölurum, magnara og útvarpi, kasettuspilara og geislaspilara, tveimur tölvuflökkurum, hjólatjakki, samanskrúfanlegu lóði, rafmagnsgítar af gerðinni Peavey, gítarmagnara af sömu gerð og kassa með verkefnum sem eigandinn hafði smíðað í námi sínu í stálsmíði í VMA.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### XI. Mál nr. 316-2016-2105

Fyrir hilmingu, með því að hafa fimmtudaginn 12. apríl 2016, verið með í vörslum sínum Bosch PMF-180 E multisög, höggborvél af gerðinni Black og Decker og tvær heyrnahlífar og skiptilykil, sem ákærði vissi eða mátti vita að væri þýfi, en munum þessum hafði verið stolið úr sameign [...] á Akureyri á tímabilinu 21. mars til 26. mars 2016, en munir þessir fundust í farangurgeymslu bifreiðar ákærða af gerðinni [...], eftir að lögreglan stöðvaði akstur hans við Hvannavelli á Akureyri. (sjá mál nr. 316-2016-2373)

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### XII. Mál nr. 316-2016-2342

Fyrir þjófnað, með því að hafa sunnudagskvöldið 11. apríl eða mánudaginn 12. apríl 2016, stolið framhjóli undan reiðhjóli sem stóð í reiðhjólageymslu í sameign [...] á Akureyri

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### XIII. Mál nr. 316-2016-2373

Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 12. apríl 2016, ekið óskráðri bifreið, sem var án ábyrgðartryggingar, sviptur ökurétti, undir áhrifum áfengis (alkóhólmagn í blóði ákærða mældist 0,99<sup>0</sup>/<sub>00</sub>), undir áhrifum fíkniefna (í blóðsýni úr ákærða mældist amfetamín 35 ng/ml. og tetrahýdrókannabinól 3,8 ng/ml.), um Glerárgötu, Tryggvabraut og Hvannavelli á Akureyri, þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans og hafa skömmu síðar eftir að hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöðina á Akureyri neitað að veita lögreglu atbeina sinn við rannsókn málsins, með því að gefa þvagsýni.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 63. gr., 91. gr. og 92. gr. sbr. 93. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og 17. gr., sbr. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

#### XIV. Mál nr. 316-2016-2373

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 12. apríl 2016, verið með í vörslum sínum 0,27 grömm af amfetamíni í bifreiðinni sem lögreglan stöðvaði akstur hans í á Hvannavöllum á Akureyri, sbr. ákæruliður XII.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

#### XV. Mál nr. 316-2016-2415

Fyrir þjófnað, með því að hafa á tímabilinu 11. apríl til og með 13. apríl 2016, brotist inn í lokaða geymslu í kjallara sem tilheyrði íbúð D í [...] á Akureyri og stolið þaðan nokkrum plastkössum með ýmiskonar gömlum leikjatölvum, fylgihlutum með þeim og tölvuspilum, veiðistöngum, ferðatösku, blárri úlpu með loðkraga og ýmiskonar skartgripum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

XVI. Mál nr. 316-2016-2415.

Fyrir þjófnað, með því að hafa á sama tímabili og greinir í ákærulið XV, stolið ýmiskonar skartgripum úr sameiginlegri geymslu íbúa í [...] á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

XVII. Mál nr. 316-2016-2450

Fyrir þjófnað, með því að hafa miðvikudaginn 13. apríl 2016, stolið Mongoose fjallahjóli úr sameign [...] á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

XVIII. Mál nr. 316-2016-2880

Fyrir vopnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 28. apríl 2016, ruðst inn í íbúð að [...] á Akureyri og þá verið með í vörslum sínum Muela sérsníðaðan spænskan fláningarhníf með 12 cm. löngu blaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16, 1998.

XIX. Mál nr. 007-2015-42122

Fyrir þjófnað með því að hafa á tímabilinu 20. júlí til 22. júlí 2015 á Reykjavíkurlflugvelli stolið Intel borðtölvu að verðmæti 65.000 krónur úr aðstöðu bílaleigu Brimborgar á flugvöllinum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á efni því, sem lögreglan lagði hald á og tilgreind eru í efnaskrá nr. 33.078, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Jafnframt er þess krafist að ákærði sæti sviptingu ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, með síðari breytingum. Að auki er gerð krafa um að ákærði sæti upptöku á haldlögðum hnífi, sbr. ákæruliður XVIII, samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 16, 1998“.

Í ákærinni er lýst tveimur einkaréttakröfum á hendur ákærða, og er hin fyrri svohljóðandi:

„[A] gerir kröfu að fjárhæð kr. 84.012, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 24. febrúar 2016 til 13. júlí 2016, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Að auki er gerð krafa um að ákærði greiði kostnað tjónþola að halda fram kröfu sinni. (Mál nr. 316-2016-1101)“

2. Ákæra, útgefin 28. október 2016. Mál nr. S-235/2016.

Með þessari ákæru er mál höfðað á hendur ákærða, Ísmari Erni;

„fyrir þjófnað, með því að hafa aðfaranótt 22. apríl 2016, brotist inn í tónlistarskólann Tónræktina í Hafnarstræti 99 á Akureyri og stolið þaðan Mac turntölvu, Macbook fartölvu, Yamaha saxafóni og Buffet klarinett, en til vara fyrir hilmingu með því að hafa tekið við ofangreindum munum og verið með í sínum vörslum á heimili sínu og í bifreið sem stóð við heimili hans að [...] á Akureyri, þrátt fyrir vitneskju hans um að munirnir væru þýfi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við þingfestingu málsins, þann 7. nóvember sl., voru ofangreind sakamál lögreglustjóra sameinuð, sbr. heimildarákvæði 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála.

Í nefndu þinghaldi leiðrétti sækjandi, fulltrúi lögreglustjóra, sakarefni ákæru útgefnar 22. september 2016, sbr. upprunamál nr. S-192/2016. Þar um vísaði sækjandinn til þess að fallið hefði niður í XIII. kafla ákærunnar tilvísun til 1. mgr. 47. gr. umferðarlaganna, og að því leyti áréttaði hann verknaðarlýsingu ákærukaflans. Jafnframt leiðrétti sækjandinn misritun í XIV. kafla sömu ákæru, þar sem þar hefði átt að vera vísun til XIII. kafla í stað XII. kafla. Að lokum vísaði sækjandi til þess að atvik og ætluð brot ákærða samkvæmt I.-XVIII. köflum nefndrar ákæru hefðu gerst á árinu 2016, en að ætlað brot samkvæmt XIX. kafla í sömu ákæru hefði verið framið á árinu 2015, líkt og framlögð gögn lögreglu bæru með sér.

Við þingfestingu málsins lýsti ákærði afstöðu sinni til sakargifta. Í þinghaldi 29. nóvember sama ár lagði skipaður verjandi ákærða, Gísli Már Auðbergsson hrl., fram greinargerð sína, en í framhaldi af því féll sækjandi alfarið frá seinni einkaréttarkröfunni í ákærunni frá 22. september sl., m.a. með vísan til yfirlýsingar lögmans bótakrefjandans þar um.

Við framhaldsaðalmeðferð málsins, sem fram fór 10. febrúar sl., féll sækjandi frá sakargiftum samkvæmt XVIII. kafla nefndrar ákæru frá 22. september 2016. Enn fremur féll sækjandi frá aðalkröfu ákæruvalds samkvæmt ákærunni frá 26. október 2016, að því er varðaði ætlað þjófnaðarbrot, en hann áréttaði kröfu ákæruvalds um refsingu ákærða vegna hylmingarbrotis. Að öðru leyti áréttaði sækjandinn gerðar kröfur.

Við meðferð málsins fyrir dómi hefur ákærði játað hluta sakargifta samkvæmt ákærunni frá 22. september 2016. Að öðru leyti neitar hann alfarið sakargiftum, líkt og um ætlað hylmingarbrot samkvæmt ákærunni frá 26. október 2016.

Endanlegar dómkröfur skipaðs verjanda eru þær aðallega að ákærði verði sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákæruköflum I-IV, VII, XI og XIV í ákæru lögreglustjóra frá 22. september sl., sbr. upprunamál nr. S-192/2016, en einnig af ákvæði 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga samkvæmt kafla XIII sömu ákæru, sbr.

áðurgreinda leiðréttingu sækjanda undir rekstri málsins. Jafnframt krefst verjandinn þess að ákærði verði alfarið sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákæru lögreglustjóra frá 26. október 2016, sbr. upprunamál nr. S-235/2016.

Þar fyrir utan krefst verjandinn vægustu refsingar til handa ákærða, og að hún verði ákvörðuð skilorðsbundin, en jafnframt krefst hann þess að dregin verði frá refsingunni gæsluvarðhaldsvist ákærða. Verjandinn krefst þess einnig að einkaréttarkröfu A verði vísað frá dómi, en til vara að fjárhæð hennar verði lækkuð. Verjandinn lýsti því yfir fyrir dómi að ákærði hefði ekki uppi athugasemdir við upptökukröfur lögreglustjóra. Verjandinn krefst þess einnig að a.m.k. hluti sakarkostnaðar verði felldur á ríkissjóð, þ. á m. hæfileg málsvarnarlaun og ferðakostnaður hans við lögreglurannsókn og alla meðferð málsins fyrir dómi.

## I.

### 1. Ákæruskjal, útgefið 22. september 2016. Mál nr. S-192/2016.

#### XIX. kafli.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 22. júlí 2015, kom starfsmaður tilgreindrar bílalaleigu, sem aðsetur hefur á Reykjavíkurlflugvelli, á lögreglustöð í Reykjavík og tilkynnti um þjófnað á svartri Intel-turntölvu og tölvuskjá. Staðhæfði starfsmaðurinn að brotið hefði gerst „einhvers staðar á tímabilinu frá 11:30 þann 20.07. 2015 og 10:00 þann 22.07. 2015“, en þá hefðu tilgreindir munir horfið úr „bás“ leigunnar.

Á meðal rannsóknargagna lögreglu eru afrit af þrettán ljósmyndum. Óumdeilt er að níu þessara mynda eru teknar í afgreiðslu- og farþegasal flugstöðvarinnar á Reykjavíkurlflugvelli. Á myndunum má m.a. sjá til ferða ungs karlmanns í afgreiðslusalnum, þar sem hann virðist m.a. ganga um salinn, einnig fara inn fyrir afgreiðsluborð bílalaleigu. Þá virðist sami karlmaður á einni myndinni einnig standa við svokallað töskufæriband, en á annarri mynd, sem er með áletruninni 20.7. 2015 19:56:24, má sjá að hann heldur á skjalatösku. Þá eru þrjár ljósmyndir af sama karlmanni þar sem hann er á bifreiðastæði fyrir utan flugstöðvarbygginguna, nánar tiltekið við farþegahurð hvítrar fólksbifreiðar með tilteknu skráningarnúmeri. Sjá má að hann heldur á skjalatösku. Á einni þessara þriggja mynda er áletrunin 20.7.2015 19:58:23.

Af rannsóknargögnum verður ráðið að lögreglan á Akureyri hafi með rafpósti 3. júní 2016 upplýst lögregluna á höfuðborgarsvæðinu um að til stæði að yfirheyra ákærða, Ísmar Örn, vegna fjölda kærumála og að rannsókn þeirra væri á lokastigi.

Samkvæmt gögnum var ákærði yfirheyrdur af lögreglunni á Akureyri um lýsta atburðarás á Reykjavíkurlflugvelli þann 15. júní nefnt ár, og var skýrslan hljóðrituð, líkt og aðrar skýrslur í máli þessu.

Við skýrslutökuna voru ákærða m.a. sýndar áðurgreindar ljósmyndir, en hann neitaði kæruefninu. Ákærði kannaðist hins vegar við að hafa dvalið í Reykjavík á árinu 2015, þ. á m. í júlímánuði. Nánar aðspurður staðhæfði ákærði að umræddar ljósmyndir væru ekki af honum, þrátt fyrir að sá karlmaður sem þar mætti sjá væri

„skuggalega líkur honum.“ Jafnframt kvaðst ákærði ekkert kannast við þá bifreið sem sjá mátti á myndunum.

Fyrir dómi hefur ákærði neitað sakargiftum. Ákærði skýrði frá því að hann hefði stundum lagt leið sína um Reykjavíkurlflugvöll og vísaði til þess að hann hefði á tilgreindu tímabili, í júlí 2015, verið að slíta sambandinu við barnsmóður sína, og að því hefði endanlega lokið í lok ársins, en þá hefði hann flust búferlum til Akureyrar. Að öðru leyti áréttaði ákærði framburð sinn hjá lögreglu.

Samkvæmt framangreindu hefur ákærði neitað fyrir dómi tilgreindu þjófnaðarbroti á Reykjavíkurlflugvelli, og er það í samræmi við frásögn hans hjá lögreglu.

Að áliti dómsins eru veruleg líkindi fyrir því að ákærði sé sá karlmaður sem sjá má á margnefndum myndaafritum. Af hálfu ákærvaldsins hafa hins vegar ekki verið lögð fram frekari gögn eða leidd fram vitni. Í því viðfangi er til þess að líta að á margnefndum myndaafritum verður ekki séð að viðkomandi karlmaður handleiki yfir höfuð borðtölvu, líkt og lýst er í ákæru. Þá liggja engar frekari upplýsingar fyrir um fyrrgreinda bifreið, tengsl ákærða við hana, né um þá skjalatösku, sem lýst er í gögnum lögreglu.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrðin um sekt ákærða og um atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu.

Að ofangreindu virtu, en einnig 109. gr. nefndra laga, og staðfastri neitun ákærða, er að áliti dómsins ekki komin fram lögfull sönnun um að hann hafi framið það brot, sem þessi kafli ákærunnar tekur til. Verður hann því sýknaður af brotinu.

### I. kafli ákæru.

Miðvikudagskvöldið 24. febrúar 2016, kl. 22:20, kom á lögreglustöðina á Akureyri A pizzasendill og kærði þjófnað á nýlegum Samsung Galaxy S5 síma, en einnig á símaveski með eigin debet- og kreditkortum svo og á ökuskírteini. Kærandi sagði að þessir munir hans hafi verið í sendibifreið veitingastaðarins Greifans, en vegna starfa sinna þar hefði hann lagt bifreiðinni við bakdyrainngang veitingastaðarins, nánar tiltekið á bifreiðastæði austan við Glerárgötu ... . Kærandi skýrði frá því að bifreiðin hafi aðeins verið mannlous í stutta stund, en tiltók að þegar hann hafi komið út af veitingastaðnum á ný hefði hann veitt því eftirtekt að einstaklingur var á gangi frá húsinu til austurs, en að hann hefði ekki séð vel til þessa einstaklings, enda á þeirri stundu ekki haft vitneskju um stuldinn.

Kærandinn kom á lögreglustöðina daginn eftir og skýrði frá því að í fyrrnefndu símaveski hefði einnig verið greiðslukort móður hans. Jafnframt upplýsti hann lögreglu um að í kjölfar þjófnaðarins kvöldið áður hefði verið tekið út af korti móður hans, 40.000 krónur, í gegnum vefverslun á netinu.

Við athugun lögreglu kom í ljós að greiðslukort móður kæranda hafði verið notað í viðskiptum á netinu, hinn 24. febrúar 2016, til þess að kaupa veðmálhappdrættismiða í Bretlandi fyrir 271 evru, að jafngildi 39.589 krónur.

Af gögnum málsins verður ráðið að grunsemdir lögreglu hafi beinst að ákærða, Ísmari Erni, 7. mars nefnt ár eftir að hann hafði svarað símhringingu lögreglu í umræddum síma. Er þetta gerðist hafði lögreglan fengið uppgefið tiltekið símanúmer sem tengt var við síma kæranda. Samkvæmt gögnum var umrætt símanúmer þó óskráð, en fyrir lá að þann 2. mars hafði 1000 króna áfylling verið lögð inn á númerið í gegnum banka.

Samkvæmt rannsóknargögnum var ákærði þann 15. mars nefnt ár kvaddur til yfirheyrslu á lögreglustöð vegna rannsóknar máls þessa. Að auki var hann yfirheyrður um kærufnið 29. maí sama ár, en hann hafði þá verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á málum sem vörðuðu aðra ákærufólka þessa máls.

Við hina fyrri yfirheyrslu lögreglu lýsti ákærði, sem þá hafði lögheimili í Reykjavík, lítillaga högum sínum. Ákærði kvaðst um tíma hafa haldið til á Akureyri, nánar tiltekið í íbúð að [...], hjá vitninu B, en einnig kvaðst hann hafa dvalið hjá sambýlisfólkinu og vitnunum C og D, að [...]. Liggur fyrir að síðastgreindu híbýlin eru næsta hús .... við veitingastaðinn Greifann.

Við nefnda yfirheyrslu kvaðst ákærði kannast við fyrrnefnt símanúmer, sem tengt hafði verið við síma kæranda, og jafnframt að hafa verið með símtæki í höndunum þegar lögreglan hringdi, en vegna þessa hefði hann og svarað símhringingunni. Er þetta gerðist kvaðst hann hafa verið á heimili fyrrnefnds sambýlisfólks að [...]. Ákærði kvaðst ætla að símtækið hafi verið af gerðinni Samsung Galaxy S5. Ítrekað aðspurður kvað ákærði sig ráma til þess að hafa fengið símtækið og sagði: „... þarna einhvers staðar fyrir utan eða eitthvað ... en ég man það ekki alveg ...“. Hann kvaðst hins vegar ekki geta sagt til um hvernig það gerðist að símkortið með nefndu númeri var komið í símtæki kæranda. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess hvar hann hafði fengið símtækið eða hvenær það gerðist, en vísaði til þess að á umræddu tímabili hefði hann verið með mörg símtæki í notkun. Þá kvaðst hann einnig hafa verið í miður góðu ástandi vegna mikillar fíkniefnaneyslu. Vegna þess kvaðst hann í raun lítt minnst gjörða sinna og m.a. ekki muna hvað hefði orðið um greint símtæki.

Við nefnda yfirheyrslu lögreglu skýrði ákærði frá því að hann þekkti vel til aðstæðna við veitingastaðinn Greifann, enda hefði hann m.a. oft farið þar um og það verið nærri híbýlum fyrrnefnds sambýlisfólks, C og D. Ítrekað aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa farið inn í bifreiðar á nefndu bifreiðastæði og þá ekki að hafa tekið úr þeim muni, þ. á m. símtæki, en sagði: „Nei, það hefur verið eitthvað snöggt sko ... mig rámar í að hafa verið þarna einhvers staðar fyrir utan eða eitthvað, en ég man það ekki alveg, blackout ... það gæti hafa verið ég eða einhver annar. ... ég man eftir símanum og að hafa talað í hann.“ Nánar aðspurður neitaði ákærði því alfarið að hafa tekið greiðslukort eða aðra muni úr bifreið við veitingastaðinn eða að hafa yfirleitt notað kort til úttekta á fjármunum. Staðhæfði ákærði að hann hefði einfaldlega ekki þekkingu til að taka út fjármuni með slíkum hætti og þá ekki einu sinni með eigin greiðslukorti. Þá kvaðst hann ekki hafa neinn áhuga á veðmálaspilum á netinu. Loks kannaðist ákærði ekki við

að hafa keypt inneign á símakort í byrjun marsmánaðar og kvaðst hann raunar ekki vita hvort hann hefði verið með það símanúmer sem lögreglan hafði hringt í, en hann kvaðst reyndar oft hafa skipt um símanúmer.

Við síðari yfirheyrslu lögreglu, þann 29. maí nefnt ár, neitaði ákærði kæruefninu alfarið. Og aðspurður um notkun hans á umræddu símtæki svaraði hann því til að hann hefði notað hann í eitt skipti, og bar að aðstæður hefðu þá verið með þeim hætti að hann hefði þá verið í partýi og fengið símann lánaðan. Og aðspurður kannaðist ákærði ekki við að áðurnefndur C hefði aðstoðað hann við að koma þýfi í verð.

Við þingfestingu máls þessa neitaði ákærði sakarefni nefnds ákærukafla, líkt og hann gerði síðar við aðalmeðferð málsins. Þá áréttaði hann fyrri framburð sinn hjá lögreglu að öllu verulegu. Ákærði skýrði frá því að hann hefði verið staddur í hófi á heimili áðurnefnds sambýlisfólks í ... er hann hefði tekið eftir því að tiltekinn sími hringdi nokkrum sinnum og hann þá afráðið að svara, enda hefðu þá aðrir í íbúðinni verið sofandi. Ákærði kvaðst þannig minnst þess að hafa svarað símhringingu lögreglu, en treysti sér ekki til að segja til um hvaða símtæki hann hafi þá verið með í höndunum og í raun hafi hann þá ekkert vitað um tilurð þess. Ákærði sagði að þessi atburðarás væri honum að þessu leyti ekki sérstaklega minnisstæð, en ætlaði helst að það símtæki sem hann svaraði í hafi ekki verið í símaveski. Ákærði bar að lögreglan hefði hringt að kvöldi til, um kl. 22:00, og minntist þess að hann hafi afráðið að sinna ekki boði um að mæta á lögreglustöð, enda talið affarasælla að gefa skýrslu daginn eftir, sem hann og hafi gert. Ákærði neitaði að öðru leyti sakarefni þessa ákærukafla.

Ákærði skýrði frá því að stanslaus umgangur fólks hafi verið á nefnt heimili C og D að ... á fyrstu mánuðum ársins 2016. Staðhæfði hann að sumir þessara gesta hefðu dvalið í allt að viku, enda hefðu þeir verið búsettir í öðrum landshluta.

Ákærði kvaðst hafa flust búferlum frá Reykjavík til Akureyrar nærri áramótunum 2015/2016, en eftir það að mestu haldið til á heimili nefnds sambýlisfólks, að ..., og þá í stofunni, en að auki kvaðst hann hafa haft aðgang að svonefndu tölvuherbergi, en einnig þriðja herberginu.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að húsráðandinn C hefði margoft keypt af honum þýfi. Að auki hefðu þeir haft vöruskipti á þjófstolnum munum sem hann hefði komið með í vistarverur hans, en þar um vísaði ákærði m.a. til annarra ákærukafla ákæruskjalsins. Þá kvaðst hann sjálfur hafa keypt þýfi, en bar að margt af því hafi verið verðlitið eða verðlaust og hann því eftir atvikum setið uppi með það. Aðspurður kvaðst ákærði ekki treysta sér til þess að tiltaka einstaka muni í þessu sambandi og vísaði til þess að munirnir hefðu verið margir, en auk þess væri langt um liðið og hann verið í slæmu ástandi á greindu tímabili.

Ákærði skýrði frá því að fyrri hluta ársins 2016 hafi hann einnig að nokkru leyti haldið til í tveggja herbergja íbúð vitnisins B, að ..., og þá ýmist í svefnherbergi hennar eða í stofunni. Ákærði staðhæfði að nokkurt samband hafi verið með honum og B, en þó án þess að þau hefðu verið eiginlegt par. Þar um

vísaði ákærði til þess að B hafi ekki ætíð verið heima við, enda hefði hún farið í áfengis- og vímuefnaðferð fyrri hluta ársins 2016. Ákærði sagði að á umræddu tímabili hafi fleiri aðilar einnig hafst við í íbúð B og nefndi hann m.a. vitnin E og F, en bar að hann hefði flust út þegar þau komu inn í íbúðina. Loks kvaðst hann hafa haldið til hjá móður sinni á ... .

Vitnið C skýrði frá því að ákærði, Ísmar Örn, hefði að einhverju leyti haldið til á heimili hans og sambýliskonu hans D að ..., í mars og apríl árið 2016; verið þar á dýnu í herbergi. Vitnið minntist þess ekki sérstaklega hvort ákærði hefði verið með eigin síma á þessum tíma eða haft aðra síma undir höndum. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða handleika ætlað þýfi. Og nánar aðspurt kvaðst vitnið aldrei hafa heyrt af því að ákærði hefði brotist inn í bifreið í nágrenni heimilisins, á bifreiðastæðinu við veitingahúsið Greifann. Vitnið tók fram af þessu tilefni að á greindu tímabili hefði verið mjög gestkvæmt á heimilinu og sagði þar um: „... svona inn og út á randeríi sko, húsið stóð svona næstum því opið fyrir róna bæjarins.“ Vitnið kvaðst hafa verið í mikilli neyslu á þessu skeiði og vísaði til minnisleysis af þeim sökum.

Vitnið D bar fyrir dómi í meginatriðum á sama veg og sambýlismaður hennar C, en ætlaði helst að ákærði, Ísmar Örn, hefði dvalið hjá þeim ásamt fleiri vinum þeirra á tímabilinu frá febrúar til maí árið 2016. Vitnið kannaðist ekki við að ákærði hefði verið með þýfi á heimilinu.

Niðurstaða:

Samkvæmt framansögðu var símtæki, debetkorti og fleiri munum stolið úr bifreið, sem kærandi hafði til umráða við vinnu sína vegna starfa í veitingahúsi að Glerárgötu 20, að kveldi 24. febrúar 2016. Samkvæmt rannsóknarskjölum voru umrætt kvöld teknir út af kortinu fjármunir til að greiða fyrir erlenda veðmálalþjónustu. Þá greina gögn lögreglu frá því að um hádegisbilið þann 2. mars nefnt ár hafi inneign að fjárhæð 1000 krónur verið lögð inn á símakort, sem var tengt við síma kæranda.

Ákærði neitar sök, en kannast við að hafa svarað símhringingu lögreglu í umræddu símtæki, sem tengt var tilteknu símanúmeri. Samkvæmt gögnum var það símanúmer án nafns. Við meðferð málsins hefur ákærði staðhæft að er atburður þessi gerðist hafi hann verið gestkomandi í íbúð nefnds vinafólks að ..., en þar hefði hann hafst við um tíma, ásamt fleira fólki honum ótengdum.

Af hálfu ákæruvalds hafa ekki verið lögð fram frekari gögn og ekki hafa verið leidd fram fleiri vitni, sem varpað hafa ljósi á atvik málsins.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrðin um sekt ákærða og um atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu.

Að ofangreindu virtu, en einnig 109. gr. nefndra laga, er að áliti dómsins og að virtri neitun ákærða, ekki komin fram lögfull sönnun um að hann hafi framið það þjófnaðarbrot, sem lýst er í þessum kafla ákærunnar. Þá hefur, gegn neitun

ákærða, ekki verið sýnt fram á að hann hafi af ásetningi haft saknæmar vörslur á umræddu símtæki þannig að varði við hylmingarákvæði 1. mgr. 254. gr. hegningarlagna. Verður ákærði því sýknaður af háttsemi sem greinir í þessum ákærukafla. Í samræmi við þá niðurstöðu er áðurlýstri einkaréttarkröfu samkvæmt ákæru lögreglustjóra vísað frá dómi.

## II. kafli ákæru.

Fimmtudaginn 10. mars 2016 kom á lögreglustöðina á Akureyri fyrirvarsmáður raflagnaverkstæðisins Ljósgrafans ehf., að Glerárgötu 32 á Akureyri, og tilkynnti um þjófnað á verkfærakassa úr bifreið félagsins. Hann lýsti atvikum svo að hann hefði að morgni laugardagsins 5. mars komið á starfstöð félagsins, en þá veitt því eftirtekt að verkfærakassi lá á jörðinni við hlið einnar bifreiðar félagsins, sem hefði verið í umsjá starfsmanns. Tveimur dögum síðar hafi komið í ljós að kassinn hafði ekki gleymst á vettvangi, heldur hefði verið brotist inn í bifreiðina, sem hefði verið læst, og verkfærum stolið. Þar á meðal hefði verið svokölluð multisög af gerðinni Bosch PMF-190E., áletruð með upphafsstöfum starfsmannsins.

Samkvæmt skýrslum var lögreglan á Akureyri mánudaginn 14. mars 2016, kl. 16:07, að rannsaka innbrot í geymslur í kjallara að ..., er henni barst tilkynning um að atgangur væri í 60 fm kjallaraíbúð í sama fjölbýlishúsi. Greint er frá því að lögreglumennirnir á vettvangi hafi þekkt til aðstæðna, þar sem þeir höfðu áður haft afskipti af húsráðanda íbúðarinnar, B, og gestum hennar. Þeir voru því fljótir á vettvang, en þar hittu þeir fyrir vitnin F og E, og var hann með minni háttar áverka á kviði, en þau virtust bæði vera í annarlegu ástandi. Þau voru handtekin og færð á lögreglustöð, en eftir það var íbúðin í gæslu lögreglu uns húsráðandinn B kom heim um kl. 17:00. Í viðræðum við lögreglu upplýsti hún um kynni sín af ákærða, Ísmari Erni, og að hann hefði vanið komur sínar á heimili hennar.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru strax uppi grunsemdir um að auk fíkniefna væri í nefndri íbúð þýfi og að það tengdist m.a. innbrotum í geymslur í fjölbýlishúsinu ... . Með samþykki nefnds húsráðanda var framkvæmd leit í íbúðinni, nánar tiltekið í stofu og svefnherbergi, en einnig í geymslu henni tilheyrandi. Segir frá því í skýrslunni, en einnig í sérstakri munaskýrslu, að í sameign fyrir framan íbúðina hafi lögreglan fundið fjögur nagladekk og í geymslunni Head-snjóbretti, en einnig tjakk. Einnig segir frá því að lögreglan hafi fundið í stofu íbúðarinnar tölvubúnað og tölvuleiki, en í svefnherberginu m.a. rauða ferðatösku. Greint er frá því að ofan á töskunni hafi verið Skarpa-gönguskór, Conway-kuldaskór, Sixmix-skór svo og merkimiði með nafni G, íbúa í fjölbýlishúsinu að ... . Þá segir frá því að í svefnherberginu hafi auk þess m.a. fundist bílageislaspilar og verkfæri, þ. á m. öxi, rafmagnstöng, borsett, tvær borvélar og Bosch-Multi-rafmagnssög PMF490E. Loks segir frá því að lögreglan hafi fundið kúbein í íbúðinni. Lagði lögreglan hald á alla þessa muni, en einnig „nokkuð mikið af dóti“, sem húsráðandinn hafði ekki borið kennsl á og grunsemdir voru um að væri þýfi. Var hið ætlaða þýfi flutt á lögreglustöð þar sem munirnir

voru skráðir, en einnig var hver og einn hlutur ljósmyndaður. Í myndatexta við tvær ljósmyndir af umræddri Bosch-Multi-rafmagnssög PMF kemur fram að númer hafi misritast í munaskýrslu og segir að það hafi verið 190E, og er þar um vísað til áður nefnds verkfærakassa Ljósgefjafans ehf.

Nefndir aðilar, F, E og B, voru yfirheyrðir á lögreglustöð 15. mars nefnt ár. E viðurkenndi mikla fíkniefnaneyslu og jafnframt að hafa átt hluta af þeim fíkniefnum og fíkniefnabúnaði sem lögreglan lagði hald á í greint sinn. E kvaðst ekkert hafa verið viðriðinn innbrot og því ekki haft vörslur á þýfi í íbúðinni, þ. á m. á verkfærum og ýmsum munum, sem lögreglan hafði lagt hald á og ljósmyndaði. Hann kvaðst hins vegar hafa átt muni í íbúðinni og nefndi í því sambandi fyrrnefnda öxi, en einnig hníf auk annarra persónulegra muna, þ. á m. fatnað og tölvuleiktæki.

F kvaðst við skýrslugjöf ekkert hafa komið nálægt fyrrnefndum fíkniefnum, og bar að hún hefði ásamt E aðeins dvalið í íbúðinni í um sólarhring fyrir komu lögreglu. Fyrir dómi kvaðst hún auk þess hafa dvalið oftari í íbúðinni, en þá verið í boði húsráðandans.

Húsráðandinn B staðfesti í skýrslu hjá lögreglu að F og E hefðu aðeins haft stutta viðdvöl í íbúð hennar, en jafnframt bar hún að ákærði, Ísmar, hefði hafst þar við um tíma. Hún skýrði frá því að hún hefði verið í mikilli fíkniefnaneyslu og af þeim sökum hreinlega ekki gert sér grein fyrir því að í íbúð hennar hefði verið geymt þýfi. Hún staðhæfði að ákærði, Ísmar Örn, hefði borið ýmsa muni inn í íbúð hennar, en hún kvað þau hafa verið þar um tíma. Hún sagði að komið hefði fyrir að aðrir gestir hennar hefðu einnig haft meðferðis einhverja muni, sem þeir hefðu síðan skilið eftir í íbúð hennar.

Samkvæmt gögnum afhenti lögreglan E, F og B persónulega muni sína, sem haldlagðir höfðu verið í umræddri íbúð, er þau yfirgáfu lögreglustöðina.

Fyrir dómi var frásögn nefndra vitna í öllum aðalatriðum samhljóða skýrslum þeirra hjá lögreglu.

Samkvæmt rannsóknargögnum gaf ákærði sig fram á lögreglustöðinni á Akureyri þriðjudaginn 15. mars 2016, en ráðið verður að tilefnið hafi verið ofanraktar aðgerðir lögreglu í íbúð B. Af því tilefni voru teknar tvær skýrslur af ákærða, en þær voru líkt og aðrar skýrslur í máli þessu hljóðritaðar í hljóði og mynd.

Fyrri skýrslutakan af ákærða hófst kl. 13:35, en áheyrandi í síma var tilnefndur verjandi hans, sem síðar var skipaður til starfans fyrir dómi.

Við yfirheyrsluna áréttaði ákærði áðurrakinn framburð um að hann hefði hafst við í íbúð B í fjölbýlishúsinu ..., og bar að þar hefði því verið eitthvað af munum sem honum tilheyrðu. Nánar aðspurður játaði ákærði að hafa brotist inn í geymslur í nefndu fjölbýlishúsi, og nefndi í því sambandi eina til tvær geymslur. Að auki kvaðst hann hafa brotist inn í tvær til þrjár geymslur í öðru nálægu fjölbýlishúsi, þ.e. ... . Ákærði kvaðst ekki geta sagt nánar til um hvaða geymslur þetta hefðu verið og þar af leiðandi kvaðst hann ekki geta tilgreint númer þeirra. Ákærði

kvaðst hafa verið einn að verki við innbrotin, en hann nefndi í því sambandi fíkn. Við nefnda skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki hafa skipt neinu eða selt af þessu þýfi. Við yfirheyrsluna voru ákærða sýndar fyrrnefndar ljósmyndir, sem teknar höfðu verið af ætluðu þýfi, sem lögreglan hafði haldlagt í áðurgreindum aðgerðum. Ákærði játaði aðspurður að hluti myndanna sýndi þá muni, sem hann hefði tekið úr umræddum geymslum. Sérstaklega aðspurður og eftir að ákærða höfðu verið sýndar tvær myndir af fyrrnefndri Bosch-Multi-rafmagnssög PMF190E svaraði ákærði: „... þetta er örugglega úr geymslunum ...“, og bar að það sama gildi um önnur þau verkfæri, sem sjá mátti á myndunum. Þá játaði ákærði að sömu sögu mætti segja um annað þýfi sem sjá mætti á myndunum, en í því sambandi nefndi hann m.a. bækur, segulbandstæki úr bifreið, hnoðtangar- og borsett, gaslampa, rauða ferðatösku ásamt gönguskóm, en einnig tvær kvenmannsúlpur. Ákærði kvaðst hins vegar vera eigandi fyrrnefnds kúbeins, en hann kvaðst hafa notað það við nefnd innbrot. Einnig kvaðst hann vera eigandi rafmagnstangar, hnífs, tveggja tanga og verkfærasetts. Hann kvaðst hafa fengið tvo síðastnefndu gripina í skiptum „fyrir eitthvað drasl.“ Þá kvaðst hann hafa fengið tölvumús og fjóra flakkara, en einnig „gamalt drasl“ hjá ónefndum aðila.

Við seinni skýrslutöku lögreglu, sem hófst nefndan dag, kl. 16:35, kannaðist ákærði ekki við að hafa brotist inn í bifreið Ljósgefjafans ehf., sbr. sakarefni þessa ákærukafla.

Ákærði var loks yfirheyrður af lögreglu um sakarefni nefnds ákærukafla þann 29. apríl nefnt ár, að viðstöddum verjanda. Var hann þá sérstaklega spurður um umrædda Bosch-Multi-rafmagnssög PMF190E, sem haldlögð hafði verið í íbúðinni í ..., en fyrir liggur að hún var merkt upphafsstöfum starfsmanns Ljósgefjafans ehf. Ákærði neitaði við skýrslutökuna allri aðild að þjófnaðinum, en lét þess getið að margir aðilar hefðu haft aðgang að íbúð B, að ... .

Fyrir dómi neitaði ákærði sakargiftum þessa ákærukafla. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki sérstaklega minnst umræddrar multisagar, en ætlaði helst að hann hefði fengið hana í skiptum við einhvern óþekktan aðila. Vísaði ákærði til þess að hann hefði margoft haft skipti á munum, og bar að í slíkum viðskiptum hefði hann þann háttinn á að spyrja ekki um uppruna einstakra muna og þá ekki hvort um væri að ræða þýfi, og sagði: „... ég reyni nú að sleppa því bara að spyrja að því“. Og varðandi það sakaratriði að umrædd sög hafi verið þýfi sagði hann: „Ég var bara ekkert að spá í því ... það getur verið að ég hafi fengið hana (sögina) einhversstaðar, en ég stal henni ekki.“

Samkvæmt staðfestri skýrslu lögreglu var nafngreindum starfsmanni Ljósgefjafans ehf., sem bar áðurnefnda upphafsstafi, afhent margnefnd sög, þann 31. maí 2016.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu neitar ákærði sök.

Fyrir liggur að margnefnd Bosch-Multi-rafmagnssög PMF190E var á meðal þýfis, sem lögreglan lagði hald á við hússleit að ..., þann 14. mars 2016, nánar tiltekið í svefnherbergi íbúðarinnar. Nægjanlega er komið fram að ákærði hafi um

tiltölulega skamman tíma haft nokkuð nán kynni af húsráðandanum, B, og að hann hafi þá m.a. hafst við í umræddu herbergi hennar. Fyrir dómi hefur ákærði játað að hafa geymt þýfi í íbúðinni og þar á meðal í umræddu herbergi.

Við áðurnefndar yfirheyrslur hjá lögreglu hafði ákærði m.a. á orði að umrædd sög hefði verið á meðal þeirra muna sem hann hafði tekið ófrjálsri hendi úr geymslum fjölbýlishúsa í ... . Fyrir dómi hélt ákærði því hins vegar fram að hann hefði fengið sögina í skiptum fyrir aðra muni.

Að áliti dómsins er vafalaust að umrædd Bosch-Multi-rafmagnssög PMF190E var tekin úr vinnubifreið starfsmanns nefnds raflagnafyrirtækis helgina 4.-5. mars 2016.

Að ofangreindu virtu, ásamt framburði vitna, einkum framburði B og að nokkru framburði ákærða, sem hefur verið harla reikull, er að áliti dómsins eigi varhugavert að telja sannað að ákærði hafi haft vörslur á umræddri sög og að honum hafi a.m.k. ekki getað dulist að um var að ræða þýfi. Verður ákærði því í samræmi við kröfur ákærvalds sakfelldur fyrir hylmingu og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í þessum ákærukafla.

#### V., VI. og IX. kafli ákæru.

Samkvæmt dagbók og skýrslu lögreglu tilkynnti H, ..., þann 14. mars 2016, um innbrot og þjófnaði úr geymslum í sameign fjölbýlishússins, sem hann ætlaði að hefði gerst þá um kvöldið eða um nóttina.

Við vettvangsathugun lögreglu upplýsti kærandi að tvennir göngu- og fjallaskór, af gerðinni Skarpa og Conway, en einnig stakur Sixmix-skór, hefðu horfið úr skórekka fyrir utan geymslu merkta íbúð hans, merkt númer ..., sbr. sakarefni ákærukafla III.

Samkvæmt rannsóknargögnum tilkynnti G við nefnda vettvangsathugun lögreglu að brotin hefði verið upp læsing á geymsluhurð hennar, nr. d. Var þetta sannreynt af lögreglu, en kærandi tilkynnti jafnframt um þjófnað á þeim munum sem lýst er í ákærukafla IV. Vettvangur var ljósmyndaður af lögreglu.

Við rannsókn lögreglu tilkynntu eigendur annarra geymslna í sama fjölbýlishúsi, númer h, j og i, einnig um álíka innbrot, sbr. ákærukafla nr. V, VI og IX. Við athugun lögreglu voru ummerkin álíka og á hinum fyrrgreindu geymslum, en skemmdir voru sýnilegar á hurðarkörnum- og lásabúnaði.

Fyrir liggur að lögreglan skilaði haldlögðum munum, sbr. ákærukafla II, þann 14., 15. og 22. mars nefnt ár, eftir að fyrrnefndir kærendur höfðu borið kennsl á eigur sínar. Á meðal þessara muna voru hjólbarðar, snjóbretti og tvær úlpur, en enn fremur afhenti lögreglan, þann 9. maí sama ár, fyrrnefndum kæranda, G, segulbandstæki, sem tekið hafði verið úr geymslu hennar, sbr. ákærukafla IV.

Fyrir dómi hefur ákærði játað skýlaust sakarefni ákærukafla V, VI og IX. Þegar áðurgreind atriði eru virt er að áliti dómsins fram komin lögfull sönnun um að ákærði hafi gerst sekur um nefnd brot og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í nefndum ákærüköflum.

### III. og IV. kafli ákæru.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök að því er varðar sakarefni þessara ákærukafla. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa stolið þeim munum sem þar er lýst, en sagði: „... ég man ekki eftir þessu dóti sko ... æ, ég man ekki eftir þessum skóm.“ Þegar ákærða var bent á að hluti af umræddu þýfi, þ.e. skóbúnaður, ferðataska og segulbandstæki, hafi fundist í svefnherbergi B í íbúð hennar að ... staðhæfði hann að hún hefði ekki tekið þátt í innbrotum með honum, en sagði: „En það gæti verið að það hafi verið ég eða einhver annar sko, ég man nú ekki eftir þessu sko ...“ Ákærði vísaði jafnframt til þess að hann hefði verið í miður góðu ástandi er atvik máls gerðust vegna fíkniefnaneyslu.

Eins og áður hefur verið rakið varðandi ákærukafla II fann lögregla síðdegis þann 14. mars 2016, auk áðurgreindra muna í svefnherbergi nefndrar íbúðar, rauða ferðatösku, en einnig merkimiða af tösku, sem var með nafni eins kærands, G. Í lögregluskýrslu er greint frá því að ofan á ferðatöskunni hafi verið tvö skópör og einn stakur skór, sem voru sömu gerðar og lýst er í kæruskýrslum, sbr. ákærukafla III. Að auki fannst í herberginu bílageislaspilari. Og eins og fyrr var rakið kom lögreglan þessum munum til skila til kæranda, fyrir utan veiðihjól.

Áður er rakinn framburður ákærða hjá lögreglu þar sem hann játaði innbrot í ótilteknar geymslur í fjölbýlishúsinu ... og að hafa geymt þýfið m.a. í nefndu svefnherbergi. Að auki hafði ákærði á orði að hann hafi að einhverju leyti haft skipti á þýfi sínu og öðrum munum. Ákærði staðhæfði og að hann hefði verið einn að verki við brot sín, og áréttaði hann þann framburð sinn fyrir dómi. Við yfirheyrslur lögreglu hafði ákærði jafnframt á orði að hin rauða ferðataska hefði verið fyrir utan eina geymsluna í ... og að fyrrgreindir skór hefðu þá verið hjá töskunni.

Niðurstaða.

Þegar atvik máls eru virt ásamt áðurröktum rannsóknargögnum er að áliti dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi framið þau þjófnaðarbrot í sameign fjölbýlishússins ..., sem lýst er í ákæruköflum III og IV. Er ákærði því sannur að sök, en háttsemi hans er rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

### VII. og VIII. kafli ákæru.

Samkvæmt rannsóknargögnum var lögreglu, þann 14. mars 2016, tilkynnt um innbrot í geymslur í fjölbýlishúsinu ..., sbr. sakarefni VII., VIII. og X. kafla ákæru.

Við vettvangsathugun lögreglu og eftir orðræður við tilkynnandann, I, kom í ljós að brotist hafði verið inn í geymslu merkta númer C, en þar hafði verið tekinn Canon-prentari og svartur poki fullur af DVD-myndum, sbr. ákærukafla VII. Á vettvangi hitti lögreglan einnig J, eiganda geymslu merkta númer D, en hún sýndi ummerki á hengilásfestingu. Að auki voru ummerki um innbrot í ómerkta geymslu.

Eins og hér að framan var rakið var lögregla að störfum nærri vettvangi er ofangreindar tilkynningar bárust. Liggur fyrir að lögreglumenn ljósmynduðu ætlað þýfi, sem þeir höfðu haldlagt í íbúðinni, í nefndu fjölbýlishúsi, en þar á meðal voru peysa, skartgripaskrín og tvær bækur. Við yfirheyrslu hjá lögreglu bar ákærði, Ísmar Örn, kennsl á nefnda muni, sem hann sagði að væru úr einni af þeim geymslum, sem hann hefði brotist inn í. Hann treysti sér hins vegar ekki til að tilgreina það nánar. Nefndum munum var flestum komið til eiganda af lögreglu. Af rannsóknargögnum verður þó ráðið að Canon-prentarinn, DVD-myndirnar, skíðin og skíðaklossarnir hafi ekki komið í leitirnar eða komist til skila til eiganda.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað sakargiftir samkvæmt VIII. kafla ákærunnar. Með hliðsjón af gögnum málsins verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi, en atferli hans er rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur fyrir dómi neitað sakarefni VII. kafla ákærunnar. Vísar ákærði til þess að hann minnst þess einna helst að umræddur Canon-prentari hafi verið fyrir í íbúð þeirri sem hann hafðist í, í ..., þegar hann braust inn í geymslu númer d. Þá kvaðst hann ekki heldur minnst þess að hafa tekið umræddar DVD-myndir.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 108. gr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 hefur ákærvaldið að álitni dómsins ekki fært fram fullnægjandi sönnun um að ákærði hafi framið brot það sem lýst er í VII. kafla ákæru. Verður hann því sýknaður af því broti.

#### X. kafli ákæru.

Samkvæmt rannsóknargögnum tilkynnti K, þann 22. mars 2016, um innbrot og þjófnað úr geymslu sem tilheyrir íbúð hans númer c í ..., en fyrir liggur að geymsla þessi er í raun í kjallara stigagangs nr. ... . Segir frá því að við vettvangsathugun lögreglu hafi helst virst sem hurð geymslunnar hefði verið spennt upp með einhvers konar járni. Að sögn saknaði nefndur eigandi í fyrstu eftirgreindra muna: Tveggja stórra hátalara, magnara og útvarps, kassetuspilara og geislaspilara, rafmagnsgítars af gerðinni Peavey, gítarmagnara af sömu gerð og kassa með verkefnum, sem eigandinn hafði smíðað í námi sínu í stálsmíði í VMA.

Við nánari athugun saknaði eigandinn einnig eftirgreindra muna: Tveggja tölvuflakkara, samanskrúfanlegs lóðs og hjólatjakkss.

Líkt og áður var rakið lagði lögregla hald á ætlað þýfi í íbúð númer g í nefndu fjölbýlishúsi, en þar á meðal voru þeir munir sem K saknaði.

Við yfirheyrslu lögreglu viðurkenndi ákærði að ofangreindir munir hefðu verið á meðal þeirra sem hann hafði tekið í innbrotum sínum í fyrrnefndar geymslur eða sem honum hefðu áskotnast með einhverju móti, að því frátöldu að hann staðhæfði að hann hefði átt umrætt lóð.

Samkvæmt lögregluskýrslu voru K afhentir nefndir munir á lögreglustöð eftir að hann hafði borið kennsl á þá.

Fyrir liggur að vegna rannsóknarverkefna lögreglumanna á sakarefni ákærukafli XV og XVI, þann 11. apríl nefnt ár, voru þeir að störfum í

fjölþýlishúsinu ..., en af gefnu tilefni hafi þeir einnig lagt leið sína að fyrrnefndri íbúð að ... . Þar hittu þeir fyrir gæslumann íbúðarinnar, L, sem hafi upplýst um að húsráðandi væri á sjúkrahúsi, en að auki var fyrir í íbúðinni nafngreindur gestur. Greint er frá því í skýrslu að við lögreglumönnunum hafi blasað sá fatnaður, sem vísað er til í ákærukafla XV. Voru nefndir aðilar strax handteknir og færðir á lögreglustöð. Við nánari athugun lögreglu í íbúðinni vöknudu grunsemdir um að frekara þýfi væri í íbúðinni, en af þeim sökum var hún rannsökuð frekar. Á meðan á þeirri aðgerð stóð, kl. 23:30, kom að eigninni ákærði, Ísmar Örn. Var hann strax handtekinn, en við öryggisleit á honum fannst á honum skartgripapoki með ætluðu þýfi, sbr. ákærukafla XVI. Segir í lögregluskýrslunni að í kjölfar þessa hafi ákærði farið um íbúðina og bent lögreglumönnunum á ótiltekna muni, og þá þýfi, sem hann hefði borið inn í íbúðina. Segir í skýrslunni að ákærði hafi verið færður í fangageymslu á lögreglustöð, en að rannsóknin í nefndri eign hafi síðan haldið áfram. Greint er frá því að við lok lýstra aðgerða hafi áður nefnt sambýlisfólk, C og D, leigusalar ákærða, Ísmars, að ..., knúið dyra. Hafi þau í orðræðu sinni við lögreglu haft á orði að ætlan þeirra með nefndri heimsókn hefði verið að ná tali af ákærða á dvalarstað hans í nefndri íbúð, og í því sambandi nefnt að hann hafi verið búinn að stela af þeim hinu og þessu og væri því orðinn stórskuldugur þeim. Greint er frá því að lögreglan hafi gert öryggisleit á D og þá hafi fundist svonefnd dúkknál í vasa hennar, en að auki hafi fundist hamar á C. Voru munir þessir haldlagðir, en samkvæmt gögnum reyndust þeir eign kærands K.

Fram kemur í lögregluskýrslu að í kjölfar lýstra afskipta af D og C hafi þau heimilað lögreglu að gera leit á heimili sínu, en þá aðallega í einu herbergi, og þá vegna grunsemda um að ákærði, Ísmar Örn, hefði geymt þar þýfi. Í leitarskýrslu er tíundað að lögregla hafi í þessari aðgerð haldlagt tvo hátalara, rafmagnsgítar, Black og Decker stingsög, gítarmagnara af Peavey-gerð og hljómflutningstæki í fjórum hlutum. Að auki hafi fundist við leit lögreglu í eigninni, þann 2. maí nefnt ár, járnkassi, sem hafi verið merktur K.

Samkvæmt lögregluskýrslum fékk nefndur K alla ofangreinda muni afhenta á lögreglustöð 12. og 18. apríl nefnt ár, en að auki framvísaði ákærði, Ísmar Örn, leikfangabifreið, sem kærandi hafði smíðað í VMA.

Við yfirheyrslu lögreglu játaði ákærði að þeir munir sem lögreglan hafði haldlagt í vistarverum hans að ..., en einnig þeir munir sem lögreglan hafði tekið af leigusölum hans, hefði verið þýfi, þ. á m. úr innbroti hans í kjallarageymslu nr. C, sem tilheyrði ... . Ákærði kvaðst einnig hafa selt hluta af þýfinu.

Fyrir dómi játaði ákærði skýlaust sakarefni þessa ákærukafla.

Að mati dómsins er játning ákærða í samræmi við áðurrakin rannsóknargögn og þykir sök hans því nægjanlega sönnuð. Háttsemi ákærða er réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

## XII. og XVII. kafli ákæru.

Samkvæmt rannsóknargögnum tilkynnti I, þann 11. apríl 2016, þjófnað á framhjólum undan reiðhjólum, sem hefði verið í reiðhjólageymslu sameignar í

fjölbýlishúsinu að ... .

Samkvæmt gögnum tilkynnti M í sama fjölbýlishúsi, þann 14. apríl nefnt ár, þjófnað á 13 ára gömlu rauðu og hvítu Mongoose-fjallareiðhjól, sem hefði verið með ónýtan hjólbarða sem skilinn hefði verið eftir.

Ákærði viðurkenndi við yfirheyrslu lögreglu þann 19. apríl og 3. júní nefnt ár þjófnað á umræddu framhjól, og bar að hann hefði sett það undir reiðhjól, sem hann hefði fengið lánað hjá vitninu E. Ákærði skýrði frá því að hann hefði ætlað að E hefði áður stolið reiðhjólinu.

Samkvæmt skýrslu lögreglu fannst reiðhjólíð og fékk nefnd M það afhent á lögreglustöð. Hún skýrði þá frá því að framhjólíð tilheyrði nágrannakonunni hennar.

Fyrir dómi játaði ákærði skýlaust þjófnaðinn á umræddu framhjól, sbr. sakarefni XII. kafla ákæru.

Að því er varðandi sakarefni XVII. kafla ákærunnar kvaðst ákærði hafa hitt vitnið E í hjólageymslunni, en samskiptum þeirra lýsti hann þannig: „Og hann segir að hann sé nýbúinn að finna sér þetta hjól. Og mig minnir að hann hafi ekki verið í bænum þannig að ég fór bara og tók og notaði það ... það getur vel verið að ég hafi tekið vitlaust reiðhjól.“

Vitnið E staðhæfði fyrir dómi að hann hefði á vormánuðum 2016 átt reiðhjól af gerðinni Mongoose. Vitnið kvaðst hafa haft leyfi húsráðandans að ... til að dvelja þar í fáeina daga, en að öðru leyti hefði hann komið þar sem gestur. Frásögn vitnisins varðandi það hvort hann hefði notað hjólíð til þess að koma sér að nefndri fasteign var misvísandi, en vitnið vísaði til minnisleysis um atvik máls. Vitnið staðhæfði aftur á móti að það hefði að lokum gefið áður nefndu sambýlisfólki C og D hjólíð og kannaðist ekki við að ákærði, Ísmar Örn, hefði haft umráð yfir því.

Að áliti dómsins er játning ákærða samkvæmt XII. kafla ákæru í samræmi við rannsóknargögn lögreglu.

Frásögn ákærða varðandi sakarefni XVII. kafla ákæru er að mati dómsins ótrúverðug, en dómurinn lítur svo á að hann hafi a.m.k. látið sér í léttu rúmi liggja eignarhaldið á því reiðhjól sem hann tók í sameign umrædds fjölbýlishúss.

Að ofangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í nefndum ákærുകofflum, og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða.

#### XV. og XVI. kafla ákæru.

Samkvæmt lögregluskýrslu tilkynnti N, íbúi í fjölbýlishúsinu ..., þann 14. apríl 2016, um þjófnað úr geymslu sem tilheyrði íbúð hans. Við vettvangsathugun lögreglu voru sýnilegar skemmdir á geymsluhurðinni eftir áhald. Kærandi ætlaði að innbrotið í geymsluna hefði verið framið á tímabilinu 11.-13. apríl, en einnig saknaði hann muna sem hann hafði geymt í sameign, en þeir eru nánar tíundaðir í XV. kafla ákæru. Hann bar að tölvubúnaðurinn hefði verið kominn á aldur.

Sama dag tilkynnti O, íbúi í sama fjölbýlishúsi, um þjófnað úr sameiginlegri geymslu hússins, sbr. ákærുകafla XVI. Verðmætið ætlaði hún um 300.000 krónur.

Aðgerðum lögreglu umrætt kvöld er að nokkru lýst í X. kafla hér að framan, þar á meðal aðgerðum í íbúðinni ..., m.a. haldlagningu á hluta þýfis svo og handtöku ákærða, Ísmars Arnar, í kjölfarið, en einnig viðkomu sambýlisfólksins C og D og loks hútleit á heimili þeirra.

Við yfirheyrslu lögreglu viðurkenndi ákærði, Ísmar, í öllum meginatriðum nefnt þjófnaðarbrot, og þar á meðal að hafa tekið þá muni sem fundust hjá nefndu sambýlisfólki.

Fyrir dómi játaði ákærði skýlaust sakargiftir samkvæmt nefndum ákærുകöflum. Játning ákærða er í samræmi við rannsóknargögn og þykir sök hans nægjanlega sönnuð og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða.

#### XI. kafli ákæru.

Samkvæmt gögnum kom á lögreglustöðina á Akureyri, þann 4. apríl 2016, P, ..., og tilkynnti um þjófnað á þeim verkfærum sem um getur í nefndum ákærുകafla. Hann sagði að verkfærin hefðu horfið úr sameign fjölbýlishússins á tímabilinu frá 21.-26. mars nefnt ár, en þá hefðu þar staðið yfir viðgerðir. Verðmætið áætlaði hann um 100.000 krónur.

Samkvæmt gögnum var akstur ákærða stöðvaður á Hvannavöllum þann 12. apríl nefnt ár, kl. 18:41, þar sem hann ók ... bifreið, sem var án skráningarnúmera. Við nánari athugun reyndist bifreiðin ótryggð, en fyrir liggur að ákærði var strax grunaður um fíkniefnaakstur, sbr. ákærുകafla XIII, en með honum í bifreiðinni var 16 ára ungmenni. Í lögregluskýrslu um atvikið segir að ákærði hafi á vettvangi haft orð á því að hann væri eigandi bifreiðarinnar. Óumdeilt er að hann hafi þá strax heimilað leit í henni, en bifreiðin reyndist þegar til kom ógangfær. Frá því er greint að í farangursrými bifreiðarinnar hafi lögreglumenn fundið þá muni sem lýst er í þessum ákærുകafla. Var lagt hald á þá sem ætlað þýfi, en fyrir liggur að fyrrnefndur kærandi fékk þá í hendur þann 29. apríl sama ár.

Samkvæmt skýrslu lögreglu og öðrum gögnum var Q skráður eigandi umræddrar bifreiðar, ..., en hann hefði keypt hana af R nokkru áður.

Við yfirheyrslu lögreglu nefndan dag, kl. 19:12, staðhæfði ákærði að hann hefði nýverið eignast bifreiðina, og bar að hann hefði fengið hana afhenta hjá fyrrnefndum R eða vini hans um tveimur vikum fyrr.

Við lögregluyfirheyrsluna var ákærða kynnt að fundist hefðu í farangursrými bifreiðarinnar fyrrnefnd verkfæri og hann inntur um tilvist þeirra. Samkvæmt undirritaðri skýrslu svaraði ákærði á svofelldan hátt: „Ég á þá ekki, en ég skal reyna að komast að því hver á þá og gera upp það mál. ... Veit það ekki, veit ekki hver á þá. Ég var aldrei búinn að skoða í skottið á bílnum og veit ekki hver á þetta.“

Við yfirheyrslu lögreglu 29. apríl sama ár áréttaði ákærði fyrri framburð sinn um að hann hefði enga vitneskju haft um að þýfi hefði verið í farangursrými bifreiðarinnar. Þá kvaðst hann hafa verið utanbæjar þegar innbrotið í Tónræktina varð, en hann hafi verið í Reykjavík á tímabilinu 21.-26. mars. Þá bar ákærði að hann hefði ekki verið eigandi hinnar óskráðu bifreiðar, ... .

Fyrir dómi áréttaði ákærði í raun fyrri framburð sinn hjá lögreglu. Hann kvaðst þannig enga vitneskju hafa haft um þýfið í farangursrými umræddrar bifreiðar. Nánar aðspurður kvaðst ákærði helst ætla að eigandi bifreiðarinnar hefði annaðhvort verið fyrrnefnt sambýlisfólk, C og D, eða R, en hann kvað bifreiðina nýverið hafa komið að heimili þeirra fyrrnefndu að ... . Hann kvaðst aldrei áður hafa ekið bifreiðinni er atvik gerðust og í greint sinn hefði hann aðeins ekið henni stuttan spöl, þ.e. frá ...götunni og að bensínstöð við Hörgárbraut, þar sem hann hafi þrifið bifreiðina að utan. Þá hefði hann verið að aka til baka þegar lögreglan stöðvaði akstur hans. Vísaði ákærði til þess að hann hefði haft vitneskju um að bifreiðin átti að fara á sölu, og sagði: „... þessi bíll tengist mér í rauninni ekki neitt sko.“

Samkvæmt vottorði úr ökutækjaskrá keypti Q umrædda bifreið 20. september 2015, en sölutilkynning þar um var móttækin 15. desember sama ár. Samkvæmt vottorðinu seldi Q vitninu R bifreiðina 12. maí 2015, en 17. maí sama ár seldi R bifreiðina D.

Nefnt vitni Q bar fyrir dómi að hann hefði e.t.v. selt R bifreiðina í aprilmánuði nefnt ár, en að sölutilkynning hefði verið gerð síðar.

Vitnið R kvaðst fyrir dómi hafa keypt umrædda bifreið af áðurgreindu vitni, Q, en hann kvaðst hafa selt C bifreiðina eftir skamman tíma, en ætlaði að sölutilkynning þar um hefði ekki verið gerð fyrr en löngu eftir viðskiptin. Vitnið kannaðist ekkert við að nefnd bifreið hefði verið vörslustaður fyrir þýfi, en bar að hún hefði ekki verið í ökuhæfu ástandi er henni hefði verið fyrir komið á bifreiðastæði nærri heimili C.

Vitnið C kvaðst fyrir dómi hafa keypt umrædda bifreið af R, í mars eða apríl 2016, en þrátt fyrir það aldrei ekið henni, enda ekki kunnáttumaður á því sviði. Vitnið kvaðst og ekkert hafa vitað um að þýfi væri geymt í bifreiðinni eða fíkniefni, en sagði síðan: „Það getur hafa verið þá bara þegar ég fékk bílinn í hendurnar sko, ég skoðaði hann aldrei þannig séð ... það er líklegt að það hafi bara verið þarna við kaupin bara frá [R] sko. Hann er náttúrulega gamall hundur líka sko.“ Nánar aðspurður kvaðst hann enga vitneskju hafa haft um akstur ákærða, Ísmars Arnar, á bifreiðinni í greint sinn og bar að hann hefði heldur aldrei verið eigandi hennar. C kvaðst hafa keypt fleiri bifreiðar á þessum tíma og bar að þær hefðu verið á bifreiðastæðinu við heimili hans í ...götunni. Þá kvað hann ákærða, Ísmar Örn, hafa verið einn af þeim strákum sem eitthvað hafi verið að aðstoða hann við að koma bifreiðunum í lag, enda hefði það verið ætlan hans að selja þær og sagði: „... lyklarnir lágu svona svolítið á ... léku lausum hala um íbúðina.“

Niðurstaða.

Óumdeilt er að þau verkfæri sem tekin voru ófrjálsri hendi seinni hluta marsmánaðar 2016 í sameign fjölbýlishússins að ..., og lýst er í þessum kafla ákærunnar, fundust í lokuðu farangursrými ... bifreiðar sem ákærði ók er hann var stöðvaður af lögreglu þann 12. apríl sama ár. Fyrir dómi hefur ákærði alfarið neitað

vitneskju um að þýfið hafi verið í bifreiðinni og þá ekki er hann hóf ökuferð sína nefndan dag. Liggur fyrir að ákærði var undir áhrifum vímuefna er atvik gerðust, en einnig þegar hann gaf fyrstu skýrslu sína hjá lögreglu.

Fyrir liggur að ákærði hefur aldrei verið eigandi umræddrar ... bifreiðar. Af gögnum og frásögn ákærða, sem stoð hefur í framburði vitna, verður helst ráðið að nefnd bifreið hafi vart verið ökufær vorið 2016 og að henni hafði verið fyrirkommið á bifreiðastæði nærri heimili skráðs eiganda, við ... . Verður og lögð til grundvallar sú frásögn ákærða að akstur hans í greint sinn á bifreiðinni hafi verið tilfallandi og að hann hafi þannig aðeins ekið tiltölulega skamman spöl.

Í 108. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála er skýrt kveðið á um að sönnunarbyrði um sekt ákærðs manns, og hvað eina annað sem talið yrði honum í óhag, hvíli á ákæruvaldinu en ekki hinum ákærða. Þá ber að skýra skynsamlegan vafa ákærða í hag, sbr. 109. gr. laganna. Eru þetta meginreglur í íslensku sakamálaréttarfari, sbr. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Af hálfu lögreglu eða ákæruvalds hafa engin gögn verið lögð fram um að ákærði hafi handleikið umrætt þýfi, en eins og áður sagði hefur hann alfarið neitað aðild sinni að þjófnaðarverkinu í umræddu fjölbýlishúsi. Í verknaðarlýsingu ákæru er og byggt á því að hann hafi vitað eða mátt vita af þýfinu í umræddu farangursrými, sbr. að því leyti ákvæði 254. gr. almennra hegningarlaga.

Gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, sem er í samræmi við skýrslur ákærða hjá lögreglu, og þegar framangreind atriði eru virt heildstætt hefur ákæruvaldinu að áliti dómsins ekki tekist að axla sönnunarbyrðina í máli þessu. Ber því að sýkna ákærða af þessu broti.

### XIII. og XIV. kafli ákæru.

Líkt og rakið var hér að framan varðandi umfjöllun um XI. kafla ákæru var akstur ákærða, Ísmars, stöðvaður af lögreglu 12. apríl 2016, kl. 18:41, þar sem hann óskráðri bifreið um götur Akureyrar. Hann var þá handtekinn grunaður um að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis og vímuefna, líkt og lýst er í XIII. kafla ákæru. Fyrstu afskiptum af ákærða og atvikum er þannig lýst í frumskýrslu lögreglu: „Við báðum Ísmar um að stíga út til að ræða við okkur. Í viðræðum við hann mátti sjá að Ísmar var undir greinilegum vímuáhrifum, áfengisþef lagði af honum og á nefbroddi hans mátti greina hvítt duft. Ísmar sagðist aðspurður vera sviptur ökuréttindum.“

Í nefndri skýrslu lögreglu segir, að strax á vettvangi hafi ákærða verið kynnt að hann væri handtekinn og að honum væri óskýlt að tjá sig um það sem honum væri gefið að sök. Jafnframt segir að hann hafi verið áminntur um sannsögli kysi hann að tjá sig og tjáð að hann ætti rétt á aðstoð verjanda á öllum stigum máls og að aðstandanda hans yrði gert viðvart um handtökuna.

Í skýrslunni er því lýst að eftir fyrstu aðgerðir lögreglu á vettvangi hafi farið fram fyrirnefnd leit í farangursrými bifreiðarinnar, sbr. ákærukafla XI, en síðan segir: Lagt var hald á eina pakkningu með ætluðu amfetamíni sem var á milli sætanna.

Þá segir frá því að eftir að ákærði hafði verið færður á lögreglustöð hafi hann verið beðinn um að láta í té þvagsýni í svokallað toxcup-fíkniefnapróf vegna rannsóknar málsins. Skráð er að ákærði hafi neitað að gefa sýnið, en lýst sig reiðubúinn til að gefa blóðsýni. Skráð er að ákærði hafi á þessu stigi óskað eftir því að ræða við þann lögmann, sem síðar var skipaður verjandi hans í málinu, í síma. Skráð er að ákærði hafi í framhaldi af þessu, kl. 18:58, rætt við nefndan lögmann í síma, en að áður en það gerðist hafi rannsóknarlögreglumaður rætt við lögmanninn og upplýst hann um að ákærði hefði neitað að gefa þvagsýni, en einnig um þau viðurlög, sem við því lægju. Fram kemur að eftir símtalið hafi ákærði, kl. 19:02, blásið í S-D2 áfengismæli, sem hafi sýnt 1,55%ó prómill. Þá er skráð að kl. 19:06 hafi læknir dregið blóð úr ákærða, en það er í samræmi við áritað vottorð læknisins. Þá undirritaði ákærði sérstakt upplýsingablað kl. 19:15, þar sem getið er um réttarstöðu handtekings manns.

Samkvæmt rannsóknargögnum var tekin framburðarskýrsla af ákærða eftir framangreindar lögregluaðgerðir. Í skýrslunni kemur m.a. fram að ákærði hafi á ný verið beðinn að gefa þvagsýni, sbr. ákvæði 47. gr. og 102. gr. umferðarlaga, og kynnt viðurlög við því að neita því. Skráð er að ákærði hafi sem fyrr neitað að gefa þvagsýnið. Einnig er skráð að ákærði hafi játað að hafa átt þau fíkniefni, sem fundust í bifreiðinni, og að hann hafi fyrr um daginn og fyrir aksturinn neytt amfetamíns og kannabisefna. Haft er eftir ákærða að magn hins haldlagða amfetamíns hafi verið innan við hálf gram, en um geymslustað efnisins í bifreiðinni er skráð eftir honum: „Það fannst á milli sætanna, það hefur dottið þangað. Ég geymdi það í bílnum.“ Tekið er fram í skýrslunni að ákærði hafi afsalað sér efninu til eyðingar. Ákærði undirritaði skýrsluna ásamt tveimur lögreglumönnum, en í framhaldi af því var hann látinn laus, kl. 19:46.

Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu reyndist haldlagt fíkniefni vera amfetamín, og var heildarmagn þess 0,27 grömm. Samkvæmt matsgerðum Rannsóknastofu í lyfja og eiturefnafræði Háskóla Íslands reyndist magn alkóhóls og fíkniefna það sem segir í nefndum ákærukafla.

Fyrir dómi játaði ákærði skýlaust sakgiftir samkvæmt XIII. kafla ákæru, að því frátöldu að hann neitar sök að því er varðar brot gegn 47. gr., sbr. 102. gr. umferðarlaganna. Vísar ákærði til þess að vilji hans hefði er atvik gerðust staðið til þess að gefa viðeigandi blóðprufu; „... í staðin fyrir að bíða eftir að piss ...“, enda hafi hann vitað að efnin myndu mælast í blóði hans.

Fyrir dómi neitaði ákærði alfarið sakargiftum samkvæmt XIV. kafla ákæru. Nánar aðspurður og eftir að ákærða höfðu verið kynnt áðurrakin gögn lögreglu kvaðst hann í raun afar lítið minnst málsatvika, m.a. við handtöku, og þá vegna vímuáhrifa, en hann hafi verið „alveg út úr lyfjaður“ enda hafi frásögn hans við formlega skýrslugjöf verið „alveg úr úr kú, sko“. Ákærði kvaðst ekkert geta tjáð sig um ætluð fíkniefni eða um vörslustað þeirra í bifreiðinni og í raun hafi hann fyrst vitað um tilvist efnisins eftir útgáfu ákæru. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið eigandi umræddra fíkniefna. Hann sagði og að ungmennið sem verið hafi með honum í bifreiðinni í greint sinn hafi ekki verið undir áhrifum

fíkniefna.

Niðurstaða.

Ákærði hefur hér fyrir dómi skýlaust játað hluta sakargifta, líkt og sakarefni er lýst í XIII. kafla ákæru. Hann hefur þannig játað umferðarlagabrot, með því að hafa í aprílmánuði nefnt ár ekið óskráðri bifreið, án ábyrgðartryggingar, sviptur ökurétti, undir áhrifum áfengis og fíkniefna um götur á Akureyri, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans. Játning ákærða er í samræmi við rannsóknargögn lögreglu, en einnig framlögð vottorð. Að þessu virtu þykir áðurrakin háttsemi ákærða nægjanlega sönnuð og varðar háttsemin við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a, 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 63. gr., 91. gr. og 92. gr., sbr. 93. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum og 17. gr., sbr. 1. mgr. 19. gr., reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

Í nefndum ákæruflokkanna er ákærða einnig gefið að sök að hafa, eftir að hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöðina á Akureyri, neitað að veita lögreglu atbeina sinn við rannsókn málsins og þá með því að gefa ekki viðeigandi þvagsýni. Við þingfestingu málsins vísaði fulltrúi ákærvalds til þess að tilgreind háttsemi, sbr. verknaðarlýsingu í ákæru, varðaði við 47. gr. umferðarlaganna, en að láðst hafi að tilgreina lagagreinina og leiðrétti hann ákærana að því leyti, eins og fyrr var rakið.

Verknaðarlýsing í ákæru að því er varðar nefnt sakaratriði er að mati dómsins nægjanlega skýr og er ljóst að hana ber að heimfæra undir það ákvæði sem leiðrétting ákærvalds vísar til, þrátt fyrir að ákærvaldið hafi við þingfestingu málsins ekki tiltekið nánar um málsgrein lagagreinarinnar. Það var hins vegar gert við sókn og vörn málsins. Og með vísan m.a. til dóms Hæstaréttar 28. febrúar 1986, bls. 471, og þar sem vörn ákærða var ekki áfátt vegna þessa, en verjandi hans átti þess kost að tjá sig um greint atriði, er leiðrétting ákærvalds heimil.

Samkvæmt framansögðu er í raun óumdeilt að ákærði neitaði að láta í té þvagsýni sitt á lögreglustöð við frumrannsókn málsins. Ákærði rökstyður gjörðir sínar þannig að hann hafi talið nægja að tekið yrði úr honum blóðsýni vegna ætlaðs brots hans og að hann hafi jafnframt talið óþarft að dvelja lengur á lögreglustöðinni en þörf var á.

Samkvæmt 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 getur lögreglan fært ökumann til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvaggrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., 45. gr. eða 45. gr. a ef hann neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- eða munnvatnssýni eða er ófær um það. Þá segir í lokamálslið 3. mgr. 47. gr. að ökumanni sé skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.

Svo sem hér að framan var rakið var ákærða ítrekað leiðbeint við frumrannsókn málsins. Einnig liggur fyrir að lögreglan ræddi við verjanda hans um andstöðu hans. Að þessu virtu og af orðum 2. og 3. mgr. 47. gr. umferðarlaganna verður ekki fallist á að ákærða hafi verið rétt að neita að láta lögreglu í té þvagsýni, og þannig neita að hlíta þeirri meðferð sem lögregla taldi nauðsynlega við rannsókn af þeirri ástæðu að hann hafi verið reiðubúinn að gefa blóðsýni.

Almennt er viðurkennt að réttur sakaðra manna til að neita að tjá sig um sakarefnið og að varpa ekki á sig sök sé einn grundvallarþáttanna í ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um rétt manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Á hinn bóginn liggur fyrir að dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði eins og um ræðir í 47. gr. umferðarlaganna brjóti ekki gegn þeim réttindum sem 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er ætlað að tryggja, sbr. t.d. ákvörðun dómstólsins í máli nr. 43486/98 frá 15. júní 1999. Samkvæmt því og að framangreindum atvikum virtum verður ekki talið að ákvæði 3. mgr. 47. gr., sbr. 2. mgr. 102 gr., umferðarlaganna fari í bága við réttindi ákærða sem varin eru af stjórnلögum.

Að framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 3. mgr., sbr. 2. mgr., 47. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. að því leyti dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 304/2009.

Ákærði neitar sök að því er varðar vörslu á tilgreindu magni af amfetamíni, sbr. sakarefni ákærukafla XIV. Fyrir liggur að efnið var í blóðsýni hans samkvæmt vottorði rannsóknastofu. Þá verður ekki fram hjá því horft að samkvæmt frumskýrslu lögreglu virðist ákærði hafa borið þess skýr merki, m.a. á andliti, að hafa neytt efnisins tiltölulega skömmu áður en hann var handtekinn, en einnig liggur fyrir að þakning með því fannst á milli sæta í bifreið sem ákærði hafði verið að aka.

Að öllu ofangreindu virtu og því að frásögn ákærða hefur við meðferð málsins verið harla reikul er að áliti dómsins eigi varhugavert að telja nægjanlega sannað að hann hafi haft vörslur á greindu fíkniefni. Er ákærði því sannur að sök, en brot hans er réttlega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

## 2. Ákæruskjal, útgefið 26. október 2016. Mál nr. S-235/2016.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning sunnudaginn 24. apríl 2016 um innbrot í aðstöðu Tónræktarinnar á 2. hæð að Hafnarstræti 99. Er lögreglan kom á vettvang hitti hún fyrir þrjú forsvarsmenn fyrirtækisins, en þeir upplýstu að innbrotið hefði að líkindum verið framið aðfaranótt föstudagsins 22. sama mánaðar. Þeir greindu frá því að eftirgreindra muna væri saknað: Mac-turntölva, árgerð 1988 með mikilsverðum stafrænum gögnum, fartölva, árgerð 2011, en einnig saxófónn og klarinett. Við nánari athugun lögreglu voru einu ummerki innbrotsins moldarslóð á gólfteppi.

Samkvæmt skýrslu lögreglu tilkynnti einn hinna fyrrnefndu forsvarsmanna að tiltekna upplýsingar hefðu komið fram um að ákærði, Ísmar Örn, hefði umrædda helgi verið að leita að tilteknu Windows-forriti í fartölvu, en einnig að orðrómur hefði verið um í bænum að C hefði verið viðriðinn innbrotið.

Samkvæmt gögnum tilkynnti einn forsvarsmanna nefnds fyrirtækis lögreglu, þann 29. apríl nefnt ár, að hann hefði endurheimt hluta af þýfinu, þ.e. fyrrgreind hljóðfæri, en einnig tvo harða diska. Hann greindi og frá því að atvik hefðu verið með þeim hætti að vitnið S hefði haft samband og tilkynnt að hann gæti svo lítið bæri á endurheimt hluta af þýfinu og þá gegn nafnleynd og hafi það síðar gengið

eftir. Í gögnum kemur fram að nokkrum dögum síðar hafi nefndur S upplýst lögreglu um að hann hefði rætt við C, en í framhaldi af því fengið umrætt þýfi afhent ... .

Samkvæmt gögnum var ákærði, Ísmar Örn, yfirheyrður af lögreglu um kæruefnið 29. apríl nefnt ár, en hann neitaði þá allri aðild að málinu.

Við lögregluyfirheyrslu nefnds vitnis, S, þann 24. maí nefnt ár, staðhæfði hann að tiltekin stúlka hefði komið að máli við sig og óskað eftir aðstoð við að endurheimta þýfið úr Tónræktinni, en þá helst fyrrnefnd hljóðfæri, sem hefðu tilfinningalegt gildi fyrir eigandann. Hann skýrði frá því að stúlkan hafi og nefnt það að orðrómur hefði verið um að C væri viðriðinn þjófnaðinn. Vitnið kvaðst hafa fallist á að vera milliliður í þessu máli, enda þekkt C á árum áður. Vitnið sagði að málið hafi síðan gengið þannig fyrir sig að hann hefði átt orðastað við C og þeir í framhaldinu farið saman í ökutúr. Hann staðhæfði að C hefði staðhæft að ákærði, Ísmar Örn, hefði þýfið úr Tónræktinni undir höndum og þá á heimili hans. Vitnið bar að C hefði einnig haft orð á því að hann sjálfur hefði ekkert verið viðriðinn þjófnaðinn, og að hann væri þvert á móti ósáttur við gjörðir Ísmars Arnar, þar sem um verðlausa muni hafi verið að ræða. Vitnið sagði að tveimur dögum eftir þessi fyrstu samskipti við C hefði það farið að heimili hans að ... og hitt hann þar fyrir, en þá hefði vitnið jafnframt verið kynnt fyrir ákærða, Ísmari Erni. Vitnið sagði að í framhaldi af því hefði ákærði, Ísmar Örn, farið með því úr íbúðinni og þeir farið að ... bifreið, en þar hefði umrætt þýfi verið geymt. Og þannig hefði vitnið fengið fyrrgreinda muni í hendur, en það sama kvöld hefði það afhent munina einum af forsvarsmönnum Tónræktarinnar.

Við lögregluyfirheyrslu C, þann 3. september 2016, þar sem hann hafði réttarstöðu vitnis, áréttaði hann í aðalatriðum það sem áður er komið fram í máli þessu, þ.e. að ákærði, Ísmar, hefði haft til umráða herbergi í hýbýlum hans og sambýliskonu hans D í ...götunni, en án þess að greiða húsaleigu. Þá staðfesti hann frásögn vitnisins S um tilurð samskipta þeirra, en gat þess að auki að einn af forsvarsmönnum Tónræktarinnar hefði einnig rætt við hann. Eftir þessi samskipti kvaðst hann hafa farið inn í herbergi ákærða, Ísmars Arnar, en þá séð þar blásturshljóðfæri, en einnig einhvern tölvubúnað úr Tónræktinni, auk annars þýfis. Hann kvaðst hafa sett þá muni sem tilheyrðu Tónræktinni í poka. Hann staðhæfði að ákærði, Ísmar Örn, hefði fylgst með þessum aðgerðum hans og lýst óánægju sinni. Af því tilefni kvaðst C hafa svarað því til að vilji hans stæði ekki til þess að hafa þýfi á heimilinu, en því til viðbótar hafi hann nefnt að það væri á allra vitorði að ákærði, Ísmar Örn, hefði átt hlut að máli varðandi þjófnaðinn úr Tónræktinni, en af þeim sökum mætti eiga von á aðgerðum af hálfu lögreglu. Við yfirheyrsluna bar C að hann gæti ekkert frekar upplýst um þátt ákærða, Ísmars Arnar, í nefndu innbroti. Nánar aðspurður kvaðst C minnast þess að hafa séð Machintosh-turntölvu á eigin heimili, en bar að vegna bágrar heilsu sinnar á greindu tímabili treysti hann sér ekki til að segja til um hvað hefði orðið um hana. Loks staðhæfði hann að u.þ.b. viku eftir hina fyrstu orðræðu um innbrotið hefði hann sjálfur afhent vitninu

S fyrrnefndan poka með þýfinu.

Samkvæmt rannsóknargögnum var ákærða, Ísmari Erni, við yfirheyrslu lögreglu kynntur ofangreindur framburður vitna. Hann andmælti framburðinum og kvaðst ekkert vita um málsatvik.

Fyrir dómi neitaði ákærði og sakargiftum. Nánar skýrði ákærði frá því að atvik hefðu verið með þeim hætti að nefnt vitni, S, hefði sett sig í samband við C vegna innbrotsins í Tónræktina. Ákærði staðhæfði að C hefði fallist á að ganga í málið gegn greiðslu, en jafnframt kvaðst hann hafa heyrt að hann hefði áskilið sér u.þ.b. vikutíma til að leysa verkefnið af hendi.

Í dómskýrslu sinni skýrði ákærði frá því að hann hefði farið með C af greindu tilefni í ökuferð á fyrrnefndri ... bifreið og að í þeirri ferð hefði þeim tekist að endurheimta hluta þýfisins úr Tónræktinni. Hann sagði: „... náðum að redda þessu ég og C... C reddaði þessu fyrst ... í gegnum einhvern gæja að sunnan held ég ... eitthvað þýfisdót sko.“ Síðar í dómskýrslu sinni leiðrétti ákærði þennan framburð sinn og bar að hann hefði í raun ekki verið með C í umræddri ökuferð. Hefðu þar aðeins komið við sögu vitnið S, en á síðari stigum einnig sambýliskona C, D. Ákærði staðhæfði að hann hefði aðeins komið að þessu máli á þann veg að hann hefði afhent vitninu S þýfið. Ákærði kvaðst hafa verið á heimili nefnds sambýlisfólks, í ...götunni, er nefndur S kom þar inn og þá til þess að sækja þýfið. Kvaðst ákærði samkvæmt fyrir mælum C hafa fylgt S að fyrrnefndri bifreið, þar sem hún hafi verið á bifreiðastæði þar nærri, við veitingahúsið Greifann. Í framhaldi af því hafi hann afhent S þýfið, en það hafi verið í farangursrýminu. Ákærði kvaðst því aldrei í raun hafa haft vörslur á umræddu þýfi og þar á meðal ekki verið með það á nefndu heimili C eða í íbúðinni að ... . Ákærði áréttaði að hann hefði stundum fengið leyfi til að gista hjá nefndu sambýlisfólki, en þó ekki haft þar sérstakt herbergi til umráða.

Ákærði kvaðst fyrir nefndar aðgerðir hafa haft spurnir af innbrotinu í Tónræktina, en aldrei haft vitneskju um gerandann. Engu að síður kvaðst hann hafa fengið hótanir frá nafngreindum aðila um að honum væri best að skila þýfinu, og þá aðallega tilteknum blásturshljóðfærum.

Ákærði kvaðst um tíma hafa haft lögheimili hjá nefndu sambýlisfólki í ...götunni, og bar að þar hefði m.a. verið „hellingur af gíturum ... og drasli ...“, en hann minntist þess ekki að hafa séð blásturshljóðfæri.

Ákærði staðhæfði að hann hefði að öðru leyti en hér að framan var rakið ekki verið viðriðinn greint þjófnaðarmál eða eftirmála þess og bar að leit hans að tilteknum forritum hefði tengst allt öðru máli.

Fyrir dómi lýsti vitnið S upphafi afskipta sinna af umræddu þýfi með sama hætti og rakið var hér að framan. Vitnið kvaðst þannig hafa hitt að máli vin sinn C og bar að hann hefði haft á orði að ef hann myndi hjálpa til við að endurheimta þýfið, þá þyrfti hann að raka því saman á einn stað. Nánar aðspurt bar vitnið að C hefði haft orð á því að samleigjandi hans, ákærði, Ísmar Örn, hefði verið gerandinn

í þjófnaðinum í Tónræktinni. Vitnið bar að allt hefði síðan gengið eftir líkt og um hefði verið rætt, og er hann hefði fengið þýfið í hendurnar hefðu „nokkrir strákar þarna sem að voru að stjálklast í kringum þetta.“ Í því sambandi nefndi vitnið að fimm til sex ungir menn hefðu verið á heimili C. Hann sagði að þegar til kom hefðu það aðeins verið ákærði, Ísmar Örn, og annar strákur til, sem hefðu hlýtt boði C um að leggja honum lið við að flytja þýfið úr bifreið, sem var fyrir utan heimilið og yfir í bifreið þess. Um hlut C í þessu máli sagði vitnið: „... hann frýjaði sig frá þessu öllu saman.“

Vitni C staðfesti fyrir dómi að hann hefði afhent S umrætt saxófón-hljóðfæri og e.t.v. aðra muni, en áréttaði að minni hans frá umræddum tíma væri harla gloppótt vegna mikillar vímuefnaneyslu, en einnig sökum áfalls sem hann hafði orðið fyrir og sagði: „Þetta er mjög mikið í móðu sko.“ Var af frásögn hans að skilja að hann hafi gengið í málið og náð að skipta á einhverjum varningi sem hann hefði átt fyrir og þá m.a. nefndu hljóðfæri, þ.e. umræddum saxófón, og þá í þeim tilgangi að verða við beiðni S. Aðspurður kvaðst C ætla að ákærði, Ísmar Örn, hefði ekki átt hlut að máli við innbrotið í Tónræktina, en ætlaði helst að hann hefði e.t.v. „eitthvað hjálpað til við það að við höfðum upp á þeim (þýfinu).“ Þá var helst á C að skilja að gerendurnir hefðu verið einhverjir aðrir strákar en ákærði, en hann hafði um það m.a. svofelld orð: „... þetta voru alveg 10-15 manns ... mikið til langt leiddir fiklar ... margi komu með eitthvað og vildu einhver bítti og ... en reglan var nú sú að þeir tóku meira en þeir komu með sko.“ Og í samræmi við fyrrgreinda lögregluskýrslu var á C að skilja að það hefði verið hann sjálfur sem hefði afhent S þýfið en ekki ákærði, Ísmar Örn.

Fyrrnefnt vitni D kvaðst aldrei hafa séð önnur hljóðfæri á heimili hennar og C en gítar, sem þau hefðu sjálf átt.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins féll ákærvaldið frá aðalkröfu sinni um að ákærði, Ísmar Örn, hefði gerst sekur um þjófnaðarbrot. Í endanlegri kröfugerð vísar ákærvaldið til 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem nefnist hylming, en ákvæðið hljóðar svo:

*Ef maður heldur, án þess að verknaður hans varði við ákvæði 244., 245. eða 247.–252. gr., ólöglega fyrir eigandanum hlut eða öðru verðmæti, sem aflað hefur verið á þann hátt, er í þeim greinum segir, tekur þátt í ávinningnum af slíku broti, aðstoðar annan mann til þess að halda slíkum ávinningi eða stuðlar að því á annan hátt, að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins, þá skal honum refsað með allt að 4 ára fangelsi. Refsing má þó vera [fangelsi allt að 1 ári] <sup>1)</sup> eða sektir, ef sá, sem fyrir sök er hafður, hafði í upphafi komist ráðvandlega að verðmætum þeim, er aflað hafði verið með auðgunarbroti.*

Í verknaðarlýsingu ákærvalds er á því byggt að ákærði hafi tekið við umræddu þýfi og verið með það í vörslum sínum á heimili sínu, ..., og enn fremur í bifreið þar við, þrátt fyrir vitneskju um að munirnir væru þýfi.

Ákærði neitar sök og hefur lýst sínum þætti við meðferð á umræddu þýfi.

Að virtum staðfestum framburði ákærða, en einnig frásögn sambýlisfólksins C og D fyrir dómi, en einnig að virtum öðrum gögnum, hefur ákærvaldið, að áliti dómsins, ekki sannað að ákærði hafi verið með umrætt þýfi í vörslum sínum á hinum tímabundna dvalarstað hans að ... . Og að virtum gögnum ákærvalds og framburði vitna, sem að mati dómsins hefur verið harla reikull og þá sérstaklega vitnisburður C, verður ekki séð að ákærði, Ísmar Örn, hafi með framferði sínu við afhendingu þýfis stuðlað að því að halda við afleiðingum greinds þjófnaðarbrot. Verður heldur ekki séð að fullnægt sé áskilnaði 243. gr. hegningarlagna um auðgunarásætning. Að öllu þessu virtu verður ákærði því sýknaður af sakarefni þessa ákærkafla.

## II.

Ákærði, sem er 26 ára, hefur samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins áður sætt refsingum. Þær refsingar sem áhrif hafa í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, eru að ákærði var með dómi Hæstaréttar Íslands þann 17. ferbrúar 2011 dæmdur í 20 mánaða fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hegningarlagna, en einnig fyrir endurtekin þjófnaðarbrot, sbr. 244. gr. sömu laga. Ákærði fékk reynslulausn á 350 daga eftirstöðvun þessarar refsingar, samkvæmt ákvörðun Fangelsismálastofnunar, hinn 20. apríl 2012, til tveggja ára og stóðst hann það skilyrði. Ákærði var þann 25. nóvember 2015 dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir ítrekaðan fíkniefna- og sviptingarastur. Loks gekkst ákærði undir lögreglustjórásátt þann 1. mars 2016 vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfni.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir fjölmörg þjófnaðarbrot, sem hann framdi aðallega með því að brjótast inn í geymslur fjölbýlishúsa og taka þá heimilismuni sem lýst er í ákæru, sbr. umfjöllun hér að framan. Að auki hefur hann verið sakfelldur fyrir hylmingarbrot. Einnig hefur hann verið sakfelldur fyrir umferðarlagabrot, þ. á m. ítrekaðan ölvunar-, fíkniefna- og sviptingarastur. Loks hefur hann verið sakfelldur fyrir minni háttar brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfni.

Brotin framdi ákærði fyrri hluta ársins 2016. Um verðmæti þýfis er ekki nægjanlega upplýst, enda eftir atvikum erfitt um vik að meta einstaka muni. Þó má ljóst vera að verðmætið var nokkuð þegar á heildina er litið, en augljóst er að persónugildi einstakra muna getur varðað eigendur miklu. Fyrir liggur að nokkrum hluta þýfisins var komið til skila til eigenda (ath), einkum fyrir tilstilli lögreglu.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til alls ofangreinds, en einnig 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, svo og þess að ákærði hefur ítrekað gerst sekur um alvarleg umferðarlagabrot, en að auki hefur hann áður gerst sekur um auðgunarbrot, sbr. að því leyti ákvæði 255. gr. hegningarlagna. Til refsimildunar þykir mega horfa til þess að ákærði játaði skýlaust stærstan hluta brotanna.

Að þessu virtu og með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum 70. gr. hegningarlagna, einkum 1., 6. og 9. tl., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin

tólf mánaða fangelsi, sem í ljósi sakaferils þykir ekki fært að skilorðsbinda. Frá refsivist dregst gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 29. apríl til 27. maí 2016.

Í 1. málslið 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er kveðið á um að hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða 45. gr. a eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. skuli hann sviptur ökurétti. Þá segir í 2. mgr. 102. gr. laganna að neiti stjórnandi vélknúins ökutækis að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. skuli svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár.

Eins og rakið er í XIII. kafla ákæru útgefni 22. september 2016 hefur ákærði í máli þessu verið sakfelldur fyrir brot gegn 3. mgr., sbr. 2. mgr., 47. gr. umferðarlaganna. Samkvæmt því og 2. mgr., sbr. 1. málslið 1. mgr., 102. gr. laganna ber að svipta ákærða ökurétti í eitt ár hið minnsta. Til þess er hins vegar að líta að ákærði var með fyrrnefndum dómi þann 25. nóvember 2015 sviptur ökurétti ævilangt vegna ítrekaðra og alvarlegra umferðarlagabrota. Með vísan til sakaferils ber því að áretta ævilanga ökuréttarsviptingu ákærða.

Upptæk eru gerð fikniefni og hnífur eins og krafist er í áðurrakinni ákæru.

Vísað er frá dómi einkaréttarkröfu A.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 og í ljósi málsúrslita skal ákærði greiða hluta sakarkostnaðar. Ákærði verður dæmdur til að greiða útlagðan sakarkostnað ákæruvalds vegna áðurrakins umferðarlagabrots, 176.459 krónur. Þá verður hann dæmdur til greiðslu helmings málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar hrl., sem í heild eru ákveðin 1.984.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en einnig skal hann greiða helming ferðakostnaðar verjandans, sem er ákveðinn 400.000 krónur. Helmingur sakarkostnaðar vegna málsvarnarlauna og ferðakostnaðar verjandans greiðist úr ríkissjóði.

Gætt var ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Ísmar Örn Steinþórsson, sæti fangelsi í tólf mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 29. apríl til 27. maí 2016 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk eru til ríkissjóðs fikniefni, sbr. efnaskrá nr. 33.078, en einnig hnífur, sem lögregla lagði hald á.

Vísað er frá dómi einkaréttarkröfu A.

Ákærði greiði einn 176.459 krónur vegna útlagðs sakarkostnaðar ákæruvalds. Að auki greiði ákærði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar hrl., sem í heild eru ákveðin 1.984.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en einnig greiði ákærði helming ferðakostnaðar verjandans, sem er ákveðinn 400.000 krónur.

Helmingur málsvarnarlauna og ferðakostnaðar skipaðs verjanda ákærða greiðist úr ríkissjóði.